

### Tilgangur:

Skrásetja framkvæmda endurskoðunarvinnu vegna varanlegra rekstrarfjármuna auk afskrifta þeirra.

### Varanlegir rekstrarfjármunir:

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
FF101	Fasteignir	1.623	1.397	226	16%
FF102	Áhöld og innréttigar	3.652	3.689	-37	-1%
ALLS		5.275	5.086	189	4%

### Afskriftir:

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
RR500	Afskriftir fasteigna	22	19	3	16%
RR510	Afskriftir áhalda og innréttингa	606	637	-31	-5%
ALLS		628	656	3	-4%

### Framkvæmdar aðgerðir

- Staða varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið staðfest við sundurliðaða fyrningarskýrslu, sjá í vp. <5125>
- Úrtak af eignfærslum og sölum ársins hafa verið rakin til reikninga/stuðningsgagna, þetta hefur verið gert í vinnupappír <5140>. Úrtak eignfærslna ársins var valið til að vera viss um að rétt upphæð hafi verið eignfærð, eigin sé raunverulega til og kaupin hafi verið samþykkt af réttum aðilum.
- Úrtak varanlegra rekstrarfjármuna sem voru til staðar samkvæmt fyrningarskýrslu í upphafi var valið til að staðfesta tilvist þeirra (physically verify). Sjá vp. <5150>.
- Kannaðir voru viðhaldslyklar í rekstrarreikningi með það í huga að skoða mögulegar eignfærslur sem hefðu verið gjaldfærðar. Þetta var gert með því að velja úrtak úr viðhaldslyklum og rekja í reikninga í bókhaldi, sjá í vp. <5170>.
- Greiningaraðgerðir á afskriftum voru framkvæmdar í vinnuskjali <5160>.
- Skýringar í ársreikningi hafa verið endurskoðaðar í vp. <5145>

### Niðurstöður

Skekkjur fundust við endurskoðunarvinnu varðandi eignfærslur og afskriftir. Þær hafa verið leiðréttar. Um var að ræða innsláttarvillur við gerð fyrningarskýrslu.

Óbókfærður er kaupsamningur B17 á nýju húsnæði undir verslun í Reykjavík, en skoðun okkar á færslum eftir reikningsskiladag sýna að samningurinn er færður inn 1.2.2016 en þá er fyrsti greiðsludagur kaupsamnings. Kaupverðið nam 250 millj.kr. en samningur var undirritaður 1.11.2015 og lagt var í endurbætur á húsnæðinu í janúar 2016, eftir reikningsskiladag að fjárhæð 15 millj.kr. Verslunin var opnuð í mars 2016. Samningur við seljanda eignarinnar var hagstæður en samið var um að fyrsta kaupsamningsgreiðsla yrði 1. febrúar 2016 að fjárhæð 100 millj.kr. en síðan yrði afgangurinn 150 millj.kr. greiddur í þremur jöfnum greiðslum árlega 1. febrúar 2017, 2018 og 2019.

**Tilgangur:**

Skrásetja framkvæmda endurskoðunarvinnu vegna óefnislegra eigna:

**Óefnislegar eignir:**

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
FF201	Viðskiptavild	7.608	7.608	0	0%
FF202	Hugbúnaður	140	143	-3	-2%
FF203	Leiguréttur	37	50	-13	-26%
ALLS		7.785	7.801	-16	0%

**Framkvæmdar aðgerðir****Endurskoðun virðisrýrnunarprófs á viðskiptavild**

Viðskiptavild sem verður til við yfirtökur er ekki afskrifuð heldur er gert virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti árlega til að kanna hvort til staðar sé vísbending um virðisrýrnun hennar. Viðskiptavild sem myndast við yfirtökur er útdeilt á flokk eigna sem eru skilgreindar sem fjárskapandi einingar af stjórnendum samstæðunnar. Endurheimtanlegar fjárhæðir fyrir tekjuskapandi einingar eru byggðar á nýtingarvirði eða gangvirði að frádegnum kostnaði við sölu, hvoru sem hærra reynist. Endurheimtanlegar fjárhæðir byggjast á nýtingarvirði. Áætlanir um fjárvstreymi byggjast á rauntölum og 5 ára rekstraráætlun félagsins. Í fjárvstreymini er gert ráð fyrir að framtíðarnafnvöxtur verði á bilinu 2,2% til 3,9% á árunum 2016 til 2020 (fyrra ár: 2,4% til 3,0%). Áætlaður framtíðarnafnvöxtur að loknu 5 ára spátímabili er 3% (fyrra ár : 3%).

Ávöxtunarkrafa heildarfjármagns eftir skatta var 11,7% (Fyrra ár: 10,8%). Við útreikning á ávöxtunarkröfu var stuðst við ávöxtunarkröfu sambærilegra félaga og miðað er við 26,5% (fyrra ár 24,2%) skuldsetningu á markaðsvöxtunum 7,6% (fyrra ár : 6,4%). Ávöxtunarkrafan er reiknuð út frá fjármagnskostnaði samstæðunnar eftir skatta og er hún aðlöguð að mismunandi áhættuþáttum einstakra fjárskapandi eininga.

Fengið var afrit af virðisrýrnunarprófi félagsins og það endurreiknað og kannað fyrir næmni við breytingar á gefnum forsendum. Einnig var kannað hvort forsendur stjórnenda væri við hæfi og hvort við teldum að áætlanir væru raunhæfar.

**Niðurstöður**

Byggt á vinnu okkar teljum við að ekki þurfi að færa neina virðisrýrnun viðskiptavildar á árinu.

**Tilgangur:**

Skrásetja framkvæmda endurskoðunarvinnu vegna birgða.

**Birgðir:**

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
VF101	Matvara	3.446	3.624	-178	-5%
VF102	Sérvara	1.297	1.358	-61	-4%
VF103	Vörur í flutningi	185	239	-54	-23%
VF200	Niðurfærsla	-97	-122	25	-20%
ALLS		4.831	5.099	-268	-5%

**Niðurstöður**

Við fengum afrit af birgðalistum í árslok og bárum saman við fjárhagsbókhald. Listinn er í vp. <5352>. Einnig var fenginn listi vegna niðurfærslu birgða og var hann borinn saman við fjárhag og farið yfir forsendur niðurfærslunnar frá fyrra ári. Miðað við útreikninga okkar teljum við að niðurfærsla birgða hefði þurft að vera 115 millj.kr. í árslok.

Farið var í 9 birgðatalningar í árslok og 4 innan ársins. Minnisblað um framkvæmd og skipulag birgðatalningu er að finna í vp <5371>. Yfirlit yfir talningu og mismuni er að finna í vp. <5372>. Einnig var úrtak rakið í ársloka birgðalisti í sama vinnupappír. Heildarskekkja í úrtaki var vantalning að fjárhæð 3 millj.kr. og það reiknað á þýðið því 12 millj.kr.

Lotun á birgðum í árslok var prófuð í vp. <5385>. Ekkert óeðlilegt kom fram í þeirri skoðun.

Verðlagning vörubirgða var prófuð í vp. <5395>. Nokkrar skekkjur komu úr þeirri skoðun en allar vel undir skilgreindum CTM skv. ISA 450.

**Tilgangur:**

Skrásetja framkvæmda endurskoðunarvinnu vegna skuldbindinga.

**Skuldbindingar:**

#	Texti	Staða	Staða fyrra ár	Breyting	Breyting %
SS701	Íþyngjandi skuldbindingar	86	152	-66	-43%
ALLS		86	152	-66	-43%

**Niðurstöður**

Skuldbinding í árslok er vegna íþyngjandi leigusamninga vegna húsnæðis sem ekki er í notkun hjá félaginu og einnig vegna húsnæðis sem er í framleigu hjá félaginu. Samningarnir renna út á árinu 2016.

Félaginu barst krafa á árinu 2015 frá stórum viðskiptavini um greiðslu skaðabóta vegna galla í vörum. Félagið hafnaði kröfunni og ekki er færð skuldbinding vegna þessa í ársreikningi 2015. Málið er nú rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness og féll dómur á árinu 2016 og var B17 gert að greiða 195 milljónir í skaðabætur auk dráttarvaxta að fjárhæð 52 milljónir króna. B17 hefur hins vegar hafið dómsmál gegn framleiðanda varanna sem var AuDK a.s. í Danmörku. Krafa B17 byggir á endurkröfу skaðabótanna.

Þar sem dómurinn fellur á árin 2016 og B17 hefur sterk rök, sbr. lögfræðibréf vp. 2357, um að eiga endurkröfу á AuDK a.s. að þá er mat stjórnenda að ekki skuli færa skuldbindinguna í ársreikninginn fyrr en á árinu 2016, enda dómurinn kveðinn upp eftir reikningsskiladag.

Ákveðið samt að gera greina fyrir niðurstöðunni í skýringu 20 þannig að lesandi ársreikningsins sé upplýstur.